

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Vogum.

Breiðagerði - frístundabyggð, nýtt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti 25. júní 2025 nýtt deiliskipulag fyrir frístundabyggð í Breiðagerði. Viðfangsefni deiliskipulagsins er skipuleggja núverandi og fyrirhugaða frístundabyggð á svæðinu. Með tilkomu deiliskipulags fyrir svæðið verður hægt að byggja frístundahús á svæðinu sem hefur verið illmögulegt undanfarin ár þar sem ekkert deiliskipulag hefur verið í gildi. Í deiliskipulagi eru skilgreindir byggingarreitir á flestum núverandi frístundalóðum og sett ákvæði hvað varðar nýjar byggingar ásamt viðbyggingum við núverandi hús eða endabyggingar við hús ásamt öðrum þeim ákvæðum sem ástæða er til að skilgreina í deiliskipulagi. Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Vogum, 12. ágúst 2025.

Davíð Viðarsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 15. ágúst 2025